



Lyfjabrunnur

Lyfjabrunnur (Port-A-Cath) er lítið kringlótt málmhylki sem komið er fyrir undir húð. Við hylkið er tengdur örmjór leggur sem þræddur er inn í bláæð í brjóstholi. Á hylkinu er himna úr plastefni sem hægt er að stinga í gegnum.

Í lyfjabrunninn er hægt að gefa lyf, vökva, næringu og blóðhluta. Einnig má nota hann til blóðsýnatöku þegar ekki er unnt að taka blóð með hefðbundinni aðferð.



Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna deyfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við deyfingu. Einnig gefst þá tækifæri til að spyrja spurninga. Ef frekari rannsókna eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af deyfingum og svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við höndina, því í símtalinu eru veittar upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deyfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelum ef þörf er á.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Notaðu má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, skartgripa eða naglalakk eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð. Óvæntar aðstæður á skurðstofu geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Aðgerðin er gerð í staðdeygingu og tekur um 30 mínútur. Stundum er tekin röntgenmynd til að staðfesta legu lyfjabrunnsins.

<p>Eftir aðgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Verkjalyf eru gefin eftir þörfum • Létt máltíð fyrir heimferð • Þvaglosun er nauðsynleg fyrir útskrift 	<p>Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útskriftarfræðslu • Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á • Tíma í saumatöku
--	---

Útskrift

Útskrift er áætluð 2–3 klukkustundum eftir aðgerð.

Verkir

Búast má við eymslum og bólgu á skurðsvæðinu í um viku eftir aðgerð. Flestir þurfa á verkjalyfjum að halda meðan bólgan hjaðnar. Taka má verkjalyf eftir þörfum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs.

Skurðsár

Skurðsár er saumað með saumi sem þarf að fjarlægja eftir 2-6 vikur, í komu á spítalann eða á heilsugæslustöð. Óhætt er að fara í sturtu tveimur sólarhringum eftir aðgerð. Ekki er ráðlegt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð.

Hreyfing

Hlífa þarf handleggnum þeim megin sem lyfjabrunnur var settur fyrstu fimm dagana eftir aðgerð. Á þeim tíma má ekki lyfta handleggnum upp fyrir höfuð.

Eftirlit með lyfjabrunni

Lyfjabrunnur er fjarlægður þegar meðferð er lokið eða hans ekki lengur þörf. Ef lyfjabrunnur er ekki í reglulegri notkun þarf hjúkrunarfræðingur að skola í lyfjabrunninn á 6-8 vikna fresti svo hann stíflist ekki.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Hiti er hærri en 38,5°C og kuldahrollur
- Andþyngli og brjóstverkur
- Bólga er á hálsi eða kringum skurðsár og handlegg, þeim megin sem lyfjabrunnur er
- Blæðing er frá skurðsári

Símanúmer

- Dagdeild blóð- og krabbameinslækninga 11B er opin virka daga frá klukkan 8 - 16, sími 543 6130.
- Dagdeild skurðlækninga 13D er opin virka daga frá klukkan 07-19, sími: 543 7480.
- Utan dagvinnutíma er haft samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
FEBRÚAR 2019
LSH-328

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR
KVÍÐARHOLSSKURÐLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR
SKURÐLÆKNINGA 13D

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD